

Föstudagur, 15. nóvember 2002

190. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 35/2002

**Erindi Línu.Nets ehf. vegna meintrar misnotkunar
Landssíma Íslands hf. á markaðsráðandi stöðu fyrirtækisins**

I.

Erindið

Með bréfi, dags. 16. janúar 2002, barst Samkeppnisstofnun erindi frá Hróbjarti Jónatanssyni hrl., f.h. Línu.Nets ehf., þar sem kvartað er yfir misnotkun Landssíma Íslands hf. (hér eftir Landssíminn) á markaðsráðandi stöðu fyrirtækisins. Kvartandi telur misnotkunina felast í skaðlegri undirverðlagningu (e. *predatory pricing*) á gagnaflutningsþjónustu Landssímans. Í erindi kvartanda kemur fram að Landssíminn sé markaðsráðandi fyrirtæki en gagnaflutningsdeild fyrirtækisins sé rekin með tapi. Lína.Net sé einn helsti keppinautur Landssímans í gagnaflutningum en fyrirtækið var stofnað 1999. Í október 2000, skömmu eftir að Lína.Net hóf rekstur af fullum krafti hafi Landssíminn hins vegar lækkað gagnaflutningsgjöld sín um 40%. Lína.Net telur að þessi lækkun hafi eingöngu verið framkvæmd í því skyni að hindra samkeppni af hálfu fyrirtækisins. Bersýnilegt sé að rekstrarlegir hagsmunir hafi ekki ráðið ferðinni og að aðrar tekjur Landssímans hafi verið nýttar til að fjármagna gagnaflutningsþjónustu fyrirtækisins. Landssíminn stundi því skaðlega undirverðlagningu í þeim tilgangi að ýta Línu.Neti út af markaðnum. Að lokum er farið fram á að samkeppnisyfirvöld kanni ítarlega rekstur og verðlagningu á gagnaflutningsþjónustu Landssímans og grípi þegar til viðeigandi aðgerða gegn fyrirtækinu.

Með erindi Línu.Nets fylgdi greining Íslandsbanka hf. á skiptingu tekna hjá Landssímanum.

II.

Málsmeðferð

1.

Kvörtun Línu.Nets var send Landssímanum með bréfi, dags. 21. mars 2002, og óskað eftir umsögn.

Umsögn Landssímans barst með bréfi, dags. 19. apríl 2002. Í henni er kvörtun Lína.Nets mótmælt sem rangri. Sú 40% verðlækkun sem Lína.Net vísi til í erindi sínu hafi komið vegna tveggja þátta. Annars vegar hafi lækkunin orðið vegna breytinga á heildsöluverðlagningu, þ.e. leigulínuverðskrá, og þ.a.l. hafi orðið verðlækkun í smásölu. Hins vegar hafi orðið breyting á verðskrá ATM netsins. Síðari lækkunin hafi hins vegar aðeins átt sér stað á landsbyggðinni. Varðandi þetta vísar Landssíminn einnig til þess að umræddar verðlækkanir hafi átt sér langan aðdraganda og hafi verið unnar í samvinnu við Póst- og fjarskiptastofnun. Jafnframt hafi notendalínuhluti grunnkerfisins hækkað en stofnlínuhluti lækkað, einkum á lengri leiðum og hærri tengihróðum. Þar sem í þessu felist mismunandi þjónusta sé erfitt að meta meðalverðlækkun.

Í umsögn Landssímans segir jafnframt varðandi rekstrarafkomu fyrirtækisins að áðurnefndar breytingar á verðskrá hafi ekki haft mikil áhrif á rekstur gagnaflutningseiningar. Erfitt sé að skilgreina markaðinn fyrir gagnaflutningsþjónustu. Þannig flokkist einnig ýmiskonar virðisaukandi þjónusta undir þá einingu. Landssíminn telur að þeir þættir starfsemi þar sem samkeppni ríki séu víðnetslausnir,¹ þar sem Landssíminn, Lína.Net og Íslandssími keppi, fjarvinnslulausnir,² þar sem Landssíminn, Lína.Net, eMax og Íslandssími keppi, gagnaflutningshluti Internettenginga,³ þar sem Landssíminn, Lína.Net, eMax og Íslandssími keppi, og að lokum samtengingar símsstöðva,⁴ þar sem Landssíminn, Lína.Net og Íslandssími keppi. Samkeppni ríki auk þess einkum á höfuðborgarsvæðinu en ekki á landsbyggðinni. Tilgangur verðlækkunarinnar hafi verið að mæta þörfum um lægra verð á landsbyggðinni og því hafi verðlækkunin aðeins orðið á svæði þar sem Landssíminn var ekki í samkeppni. Landssíminn hafi auk þess skuldbundið sig með samkomulagi við samgönguráðherra, dags. 16. mars 2001, til þess að greiða fyrir uppbyggingu á hátækniþjónustu úti á landi. Svo segir:

„Á öðrum þjónustum er falla undir gagnaflutning í útboðslýsingu Símans var ekki um að ræða verðlækkanir. Uppistaðan í gagnaflutningsþjónustu Símans eru nýjar þjónustur á markaði og gefa uppgjörstölur fyrir árið 2000 ekki rétta mynd af stöðunni í dag. Þessar nýju lausnir eru byggðar upp og reknar samkvæmt viðskiptaáætlunum en eðlilegt er að nokkur tími líði þar til þær skili fullum arði. Niðurstaða ársins 2001 var mun betri en árið þar á undan og áætlanir fyrir árið 2002 styðja enn fremur við þessa þróun.“

Með bréfi Landssímans fylgdi samkomulag samgönguráðherra og Landssímans um gagnaflutninga á landsbyggðinni og skjal sem sýnir breytingar á verðskrá leigulína.

¹ Um er að ræða gagnaflutningslausnir sem byggja á ATM/Frame Relay og IP tækni.

² Um er að ræða lausnir sem byggja á ADSL og örbylgjutækni.

³ Einkum lausnir byggðar á ADSL, örbylgju, IP, ATM/Frame Relay, leigu- og ljóslínunum.

⁴ Einkum lausnir byggðar á ATM/Frame Relay, IP og leigulínunum.

2.

Umsögn Landssímans var send Línu.Neti með bréfi, dags. 6. maí 2002, og óskað eftir athugasemdum.

Athugasemdir Línu.Nets bárust með bréfi, dags. 3. júní 2002, frá lögmanni fyrirtækisins. Í þeim er lögð áhersla á að verðlækkun Landssímans á gagnaflutningsþjónustu hafi átt sér stað á þeim tíma sem Lína.Net hóf starfsemi. Jafnframt telur Lína.Net að ekki sé ljóst af bréfi Landssímans hvaða þjónusta falli undir gagnaflutningsþjónustu. Svo segir:

„Í ljósi þess að staðhæft er í bréfi Símans að breytingar á leigulínuverðskrá sem urðu í október 2000 hafi ekki áhrif á flokkinn „gagnaflutningseining“ verður ekki annað ráðið en að þær verðbreytingar hafi ekki haft áhrif á afkomu gagnaflutningsþjónustu félagsins og því ekki skýring á taprekstri gagnaflutningsþjónustu félagsins.“

Varðandi lækkun á ATM gagnaflutningum á landsbyggðinni telur Lína.Net að sú lækkun sé hæpin. Sú lækkun feli ekki í sér málsbætur fyrir undirverðlagningu á gagnaflutningskerfinu í heild. Samningur Landssímans og samgönguráðuneytis beri með sér að fyrirtækinu hafi borið að hækka gagnaflutningsþjónustu í bæjum ef niðurgreiða ætti þjónustuna á landsbyggðinni. Svo segir:

„Með því að hækka ekki gagnaflutningsþjónustu í bæjum, til samræmis við lækkun á landsbyggðinni, myndaðist taprekstur sem borinn er uppi af annarri og óskyldri starfsemi Símans.“

Að lokum telur Lína.Net að ekki skipti máli hvaða ástæður hafi verið fyrir lækkuninni. Röskun á samkeppni verði ekki réttlætt þótt pólitískur tilgangur hafi búið að baki ákvörðunum Landssímans.

3.

Athugasemdir lögmanns Línu.Nets voru sendar Landssímanum með bréfi, dags. 5. júní 2002, og óskað eftir athugasemdum.

Athugasemdir Landssímans bárust með bréfi, dags. 25. júní 2002. Í athugasemdum fyrirtækisins er því mótmælt að ástæður verðlækkana í gagnaflutningsþjónustu sé unnt að rekja til þess að Lína.Net hóf starfsemi árið 2000. Verðbreytingar á leigulínum hafi í raun orðið 1999 en árið 2000 hafi svo verð á stofnlínum verið lækkað. Jafnframt hafi verið veittur afsláttur fyrir kaup á samböndum með mikilli bandbreidd ef keypt hafi verið yfir 1800 km vegalengd. Síðla árs hafi Lína.Net boðið aðgang að ljósleiðarakerfi sínu á höfuðborgarsvæðinu. Með því hafi Lína.Net skapað samkeppni við grunnnet Landssímans, þ.e. stofnlínur auk ljósleiðaratenginga án endabúnaðar. Verðlækkun Landssímans hafi því ekki átt sér stað á sama landfræðilega markaði. Verðlækkun

fyrirtækisins árið 1999 á notendalínunum innan sama símstöðvasvæðis og ATM þjónustu hafi auk þess ekki orðið á sama þjónustumarkaði og Lína.Net hafi starfað á. Þannig telur Landsíminn að samkeppni hafi í raun ekki hafist fyrr en árið 2001 þegar Lína.Net hóf að bjóða IP Borgarnet þjónustu sína í samkeppni við ATM þjónustu Landssímans.

Varðandi það sem fram kemur í bréfi Línu.Nets að óskýrt sé hvað falli undir hugtakið „gagnaflutningsþjónusta“ þá telur Landssíminn það skýrt í rekstraruppgjöri fyrirtækisins hvað falli þar undir. Leigulínur í smásölu sé einn af mörgum þjónustuflokkum sem tilheyri þeirri þjónustu. Jafnframt falli ýmis þjónusta undir hugtakið gagnaflutningsþjónusta sem ekki hafi í för með sér gagnaflutning í ströngustu merkingu þess orðs, t.d. gagnahólf, hýsing og Internetþjónusta. Breytingar á verðskrá leigulína í smásölu hafi því áhrif á gagnaflutningseiningu fyrirtækisins.

Að lokum segir í athugasemdum Landssímans að ekki komi fram í samkomulagi Landssímans og samgönguráðherra að fyrirtækinu beri að hækka verð í þéttbýli samhliða lækkun á landsbyggðinni. Markmiðið hafi verið að viðskipti á landsbyggðinni skiluðu hagnaði til lengri tíma litið.

Með athugasemdum Landssímans fylgdi greinargerð um gagnaflutningsþjónustu fyrirtækisins ásamt korti af gagnaflutningsneti Landssímans til skýringar.

4.

Athugasemdir Landssímans voru sendar lögmanni Línu.Neti til upplýsingar með bréfi, dags. 4. júlí 2002. Bent var á að með athugasemdum Landssímans hafi fylgt ný gögn. Var lögmanni Línu.Nets veittur frestur til að skila athugasemdum, óskaði hann þess.

Athugasemdir bárust frá lögmanni Línu.Nets með bréfi, dags. 18. júlí 2002. Í bréfinu er þeirri staðhæfingu Landssímans, að samkeppni hafi aðeins verið á höfuðborgarsvæðinu, mótmælt. Lína.Net hafi árið 1999 reynt án árangurs að fá afslátt hjá Landssímanum af gagnaflutningum að Cantat-3 sæstrengnum, þ.e. á leiðinni frá Reykjavík til Vestmannaeyja.⁵ Lína.Net hafi í kjölfar þess lagt eigin ljósleiðara frá Reykjavík til Vestmannaeyja um Hveragerði, Selfoss, Hellu og Hvolsvöll og boðið tengingar úti á landi í samkeppni við Landssímamann. Árið 2000 hafi fyrirtækið síðan keypt örbylgjudreifikerfi Gagnaveitunnar hf. og Skýrr hf. í Reykjavík, Selfossi og Akureyri og boðið minni tengingar í kjölfarið á því á þessum stöðum. Ljóst sé því að fyrirtækin keppi á sömu mörkuðum og að lækkun Landssímans hafi verið beint gegn Línu.Neti. Lína.Net telur jafnframt að Landssíminn hafi staðfest að fyrirtækið hafi

⁵ Cantat-3 sæstrengurinn kemur að landi í Vestmannaeyjum.

viðhaft skaðlega undirverðlagningu og að slík undirverðlagning muni vara nokkuð langan tíma.

Að lokum telur Lína.Net sig ekki geta keppt við Landssímamann á meðan fyrirtækið niðurgreiði þjónustu sína. Stefna Landssímans hafi þau áhrif að fyrirtækið muni hafa einokun á samkeppni á sviði gagnaflutninga.

5.

Með bréfum, dags. 18. júní 2002, til Íslandssíma hf., Landssímans, Línu.Nets, Fjarska ehf. og eMax ehf. óskaði Samkeppnisstofnun eftir upplýsingum um tekjur, fjölda viðskiptavina og fjölda tenginga hjá fyrirtækjunum. Upplýsingar frá fyrirtækjunum bárust með bréfum, dags. 2. júlí frá Fjarska, 8. júlí frá eMax, Íslandssíma og Landssímanum og 17. júlí frá Línu.Neti.

Með bréfi Landssímans fylgdu jafnframt athugasemdir Landssímans við gagnaöflun Samkeppnisstofnunar og skilgreiningu markaðarins í málinu. Landssíminn telur að markaður fyrir gagnaflutningsþjónustu sé margbrotnari og flóknari en aðrir markaðir fyrir fjarskiptaþjónustu. Upplýsingaöflun Samkeppnisstofnunar feli í sér of mikla einföldun. Þessu til stuðnings er vísað til gagna frá framkvæmdastjórn ESB. Þannig sé rétt að skipta upp gagnaflutningsmarkaði eftir þeim tegundum þjónustu sem í boði eru. Landssíminn telur að þjónusta á gagnaflutningsmarkaði sé eftirfarandi:

1. ATM net

Í þessari þjónustu telur Landssíminn sig keppa við ATM net Íslandssíma og ljósleiðara- og örbylgjutengingar og IP net Línu.Nets. Einnig ríki innri samkeppni við IP/MPLS net Landssímans og leigulínur á styttri vegalengdum.

2. IP/MPLS net

Helstu keppinautar Landssímans á þessu sviði eru ATM net Íslandssíma og ljósleiðara- og örbylgjutengingar og IP net Línu.Nets en Landssíminn telur IP net Línu.Nets ekki samanburðarhæft eigin neti.

3. ADSL

Landssíminn telur samkeppni í ADSL skiptast í einstaklingsmarkað og fyrirtækjamarkað. Keppinautar á einstaklingsmarkaði séu örbylgjunet eMax og Línu.Nets, Fjöltengi Orkuveitunnar og ADSL þjónusta Íslandssíma. Á fyrirtækjamarkaði ríki óbein innri samkeppni við ATM og IP/MPLS net Landssímans en ytri samkeppni sé einkum við SDSL þjónustu Íslandssíma en óbein samkeppni ríki einnig við ATM net Íslandssíma og IP net Línu.Nets.

4. Smásöluhluti leigulína

Landssíminn telur þessa þjónustu vera í óbeinni innri samkeppni við ATM og IP/MPLS net sín. Leigulínur eru verðlagðar eftir lengd og bandvídd og fela þær í sér að ákveðin bandvídd er frátekin fyrir þann sem hana kaupir. ATM og IP/MPLS netin samnýta hins vegar bandvídd. Þannig sé hagkvæmt að nota lengri línur með lægri tengihraða en hins vegar henta bandbreiðari tengingar betur á stuttum vegalengdum. Landssíminn telur þó að unnt sé að bjóða betri tengingar með ATM og IP/MPLS tengingum. Ytri samkeppni sé óbein við ATM net Íslandssíma og IP þjónustu Línu.Nets. Bein samkeppni sé hins vegar við ljóslínu Línu.Nets og ljósleiðara Fjarska. Leigulínur séu einnig notendalínur (aðgangslínur m.a. til internettenginga eða tenginga inn á önnur net). Þar ríki samkeppni við örbylgjutengingar eMax og Línu.Nets auk Fjöltengis Orkuveitunnar.

5. Internet um Breiðband

Landssíminn lítur á Breiðbandið sem framtíðar gagnaflutningsmiðil sinn. Nú sé Breiðbandið einkum nýtt á einstaklingsmarkaði þar sem innri samkeppni ríki við ADSL og ISDN þjónustu Landssímans. Ytri samkeppni sé hins vegar við örbylgjunet Línu.Nets og Fjöltengi Orkuveitunnar.

Auk þessa bjóði Landssíminn upp á gagnanetsþjónustu, sk. X.25/X.28, en ekkert annað fyrirtæki bjóði þá þjónustu og því ríki ekki samkeppni á þeim markaði. Jafnframt telur Landssíminn að skipta beri upp markaði fyrir gagnaflutningsþjónustu landfræðilega. Þannig sé samkeppnin á höfuðborgarsvæðinu mikil, en á landsbyggðinni starfi aðeins Landssíminn. Akureyri sé eina undantekningin hvað þetta varðar.

6.

Þann 19. ágúst 2002, var haldinn fundur Samkeppnisstofnunar og Landssímans. Á fundinum fékk Samkeppnisstofnun afhenta viðskiptaáætlun gagnaflutningsþjónustu Landssímans, dags. 24. ágúst 2000. Jafnframt óskaði Samkeppnisstofnun eftir því að rekstraráætlun yrði afhent stofnuninni sem miðaði við stöðu gagnaflutningsþjónustunnar á miðju ári 2002. Á fundinum var að lokum rædd markaðsskilgreining Landssímans í málinu ásamt verðlækkun stofnlínuverðskrár í september 2000.

Rekstraráætlun Landssímans fyrir gagnaflutninga barst Samkeppnisstofnun með tölvupósti, dags. 15. október 2002. Fundargerð vegna fundarins var send Línu.Neti með bréfi, dags. 15. október 2002, ásamt svarbréfi Landssímans, dags. 8. júlí 2002, við gagnaflutningskönnun Samkeppnisstofnunar án trúnaðarupplýsinga. Óskað var athugasemda Línu.Nets vegna hinna nýju gagna.

7.

Samkeppnisstofnun óskaði jafnframt eftir upplýsingum frá Póst- og fjarskiptastofnun (hér eftir PFS) varðandi verðlækkunir Landssímans í október og nóvember 2000. Athugasemdir PFS bárust með bréfi, dags. 7. október 2002. Í bréfi PFS er verðlækkun Landssímans rakin frá sjónarhóli stofnunarinnar. PFS taldi nauðsynlegt að skilgreina kostnaðargrundvöll fyrir leigulínur. Kröfur um slíkt væri að finna í tilskipun 92/44/EB sbr. 97/51/EB, ákvæði í leyfisbréfi Landssímans og reglugerð nr. 608/1996 um aðgang að leigulínunum. Þar kemur fram að vinna við þetta hafi byrjað í nóvember 1998. Í júní 1999 hafi verið fyrirsjáanlegt að enn þyrfti að leggja í mikla vinnu og því hafi PFS samþykkt að Landssíminn gæfi út bráðabirgðagjaldskrá gagnvart aðilum markaðarins. Endanleg verðskrá, sem byggði á kostnaðartölum, hafi svo verið gefin út 1. september 2000. Með bréfi PFS fylgdu einnig verðskrár Landssímans fyrir leigulínur, dags. 1. október 1999, 1. september 2000 og 1. júní 2001, auk verðskrár fyrir ljóslínu innanlands, dags. 1. nóvember 2001. Athugasemdir PFS voru einnig sendar Línu.Neti, með ofangreindu bréfi dags. 15. október 2002, og óskað athugasemda.

8.

Engar athugasemdir bárust frá Línu.Neti. Samkeppnisstofnun tilkynnti aðilum máls, með bréfi dags. 1. nóvember 2002, að gagnaöflun væri lokið í málinu og að málið yrði lagt fyrir samkeppnisráð til ákvörðunar.

III.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 15. nóvember 2002, var ákvörðun tekin í máli þessu. Þátt í fundinum tóku Kirstín Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Ragnheiður Bragadóttir.

1.

Breytingar á samkeppnislögum

Erindi það sem hér er til umfjöllunar varðar breytingar á verðskrá Landssímans sem urðu í október árið 2000. Breytingar á samkeppnislögum sem banna misnotkun á markaðsráðandi stöðu tóku gildi 6. desember árið 2000 með lögum nr. 107/2000. Ljóst er því að hið meinta brot Landssímans átti sér stað fyrir gildistöku breytinganna. Með ákvörðun samkeppnisráðs nr. 41/1997 *Tilboð Pósts og síma hf. á farsímunum og farsímaþjónustu til félaga í FÍB* var Landssímanum hins vegar bannað að misnota markaðsráðandi stöðu sína. Samkvæmt þessu verður í máli þessu því annars vegar kannað hvort Landssíminn hafi brotið gegn ákvörðun samkeppnisráðs nr. 41/1997 með verðlækkun 1. október 2000 og hins vegar hvort fyrirtækið hafi brotið gegn sömu ákvörðun og/eða 11. gr. samkeppnislaga með niðurgreiðslu á gagnaflutningsþjónustu.

2.

Sjónarmið aðila

Í máli þessu telur Lína.Net að Landssíminn hafi misnotað markaðsráðandi stöðu fyrirtækisins með því að hafa í október árið 2000 lækkað verð fyrir gagnaflutningsþjónustu um 40%. Verðlækkunin hafi átt sér stað á sama tíma og Lína.Net hóf starfsemi. Verðlækkuninni hafi því verið beint gegn Línu.Neti. Þessi verðlækkun ásamt öðrum breytingum hafi falið í sér skaðlega undirverðlagningu Landssímans í skilningi samkeppnisréttarins. Lína.Net telur jafnframt að þetta sé sannað þar sem gagnaflutningsdeild Landssímans sé rekin með tapi.

Landssíminn telur að verðlagning fyrirtækisins á gagnaflutningsþjónustu sé eðlileg. Verðlækkun Landssímans hafi einkum orðið á lengri tengingum, þ.e. aðeins á landsbyggðinni. Vinna að verðlækkuninni hafi einnig hafist áður en Lína.Net hóf starfsemi. Vegna skuldbindinga Landssímans við samgönguráðherra muni tímabundið tap hljóta af gagnaflutningseiningu fyrirtækisins. Viðskiptaáætlun félagsins geri hins vegar ráð fyrir hagnaði af þjónustunni í nálægri framtíð þar sem umferð um gagnaflutningsnet Landssímans muni aukast í kjölfar lækkunarinnar og aukinnar þjónustu. Því sé einungis um tímabundið tap að ræða. Jafnframt eigi verðlækkun sú, er mál þetta lýtur að, sér eðlilegar skýringar þar sem hana sé unnt að rekja til verðlækkunar á leigulínuverðskrá félagsins. Gagnaflutningseining kaupir leigulínur í heildsölu. Þar sem kostnaður við leigulínur hafi lækkað hafi félagið getað lækkað verð fyrir gagnaflutningsþjónustu.

3.

Skilgreining markaðarins

Í máli þessu er því haldið fram að Landssíminn hafi brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Í því ákvæði samkeppnislaga er lagt bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Til þess að fyrirtæki geti fallið undir bannreglu 11. gr. verður það að vera markaðsráðandi. Í því skyni að meta hvort fyrirtæki er ráðandi á markaði þarf í fyrsta lagi að skilgreina viðkomandi markað og í öðru lagi kanna stöðu viðkomandi fyrirtækis á honum.

Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að skoða verður viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarhornum, vöru- eða þjónustumarkaðnum og landfræðilega markaðnum. Í málum er varða fjarskiptamarkaðinn eru þessi sjónarmið almennt samræmd á þann hátt að

markaðurinn er skilgreindur sem það svæði sem fyrirtæki geta boðið ákveðna þjónustu á.⁶

3.1. Þjónustumarkaðurinn og landfræðileg afmörkun hans

Í málflytningi Landssímans fyrir samkeppnisráði hefur komið fram að erfitt sé að skilgreina markað fyrir gagnaflutningsþjónustu. Þannig sé þjónustuframboð mismikið. Landssíminn telur að þær tegundir þjónustu þar sem samkeppni ríki séu víðnetslausnir, fjarvinnslulausnir, gagnaflutningshluti Internettenginga og samtengingar símsstöðva.⁷ Landssíminn hefur jafnframt gert nánari grein fyrir skilgreiningu sinni á gagnaflutningsmarkaðnum.⁸ Á fundi Samkeppnisstofnunar með Landssímanum lýsti fyrirtækið því jafnframt yfir að Landssíminn teldi síðari markaðsskilgreininguna nákvæmari og óskaði eftir því að miðað yrði við hana. Lína.Net hefur ekki gert athugasemdir við markaðsskilgreiningu Landssímans út frá þjónustuframboði. Varðandi landfræðilega afmörkun þjónustusvæðisins hefur Landssíminn gert þær athugasemdir að samkeppni ríki nær eingöngu á höfuðborgarsvæðinu en engin samkeppni sé á landsbyggðinni. Akureyri sé undantekning frá þessu. Þannig sé í sumum tilvikum mikil samkeppni en í öðrum nær engin. Jafnframt sé samkeppnin einkum á heildsölustigi en lítil í smásölu. Lína.Net hefur gert athugasemdir við þetta og telur sig keppa við Landssímamann á hluta landsbyggðarinnar. Þannig búi fyrirtækið yfir dreifikerfum á Akureyri, Selfossi og Hveragerði.

Eins og fram hefur komið er í málum er varða fjarskiptamarkaðinn miðað við að markaðurinn afmarkist við það svæði sem dreifikerfi fyrirtækja á markaði ná til, þ.e. það svæði sem fyrirtæki geta boðið þjónustu sína á.⁹ Í því máli sem hér er til skoðunar er um að ræða gagnaflutningskerfi fjarskiptafyrirtækja. Landfræðilegi markaðurinn í þessu tilviki markast því af því svæði sem gagnaflutningsnet þeirra nær til og fyrirtækin geta keppt á. Næst verður gagnaflutningsnetum Landssímans og Línu.Nets lýst.

3.2. Landssíminn

Af gögnum málsins er ljóst að gagnaflutningsnet Landssímans nær yfir allt Ísland. Þannig hefur Landssíminn yfir að ráða ljósleiðarahring í kringum landið auk tenginga við allar byggðir á landinu. Innan byggða eru símsstöðvar og götuskápar sem svo

⁶ Sjá *Notice on the application of EEC competition rules to access agreements in the telecommunications sector* OJ C 265/2, 22. ágúst 1998. Í lið 55 er landfræðilegi markaðurinn í fjarskiptamálum skilgreindur á eftirfarandi hátt: „[...] the relevant geographical market will be the area in which the objective conditions of competition applying to service providers are similar, and competitors are able to offer their services.“

⁷ Bréf Landssíma Íslands hf. til Samkeppnisstofnunar, dags. 19. apríl 2002.

⁸ Bréf Landssíma Íslands hf. til Samkeppnisstofnunar, dags. 8. júlí 2002.

⁹ Sbr. *Notice on the application of EEC competition rules to access agreements in the telecommunications sector* OJ C 265/2, 22. ágúst 1998.

tengja öll fyrirtæki og heimili við net fyrirtækisins. Þéttast er netið á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Landssíminn hefur einnig hafið lagningu á Breiðbandinu samhliða símalínunum og áætlað er í byrjun að leggja það á höfuðborgarsvæðinu. Þetta kerfi er nú nýtt hliðrænt til sjónvarpsútsendinga en Landssíminn hefur einnig boðað að stafræn nýting þess hefjist bráðlega og hefur á afmörkuðum svæðum hafist handa við að bjóða Internettengingar til einstaklinga um Breiðbandsnetið. Samkvæmt gögnum frá Landssímanum um gagnaflutningsþjónustu hafa nær allir landsmenn nú aðgang að ISDN þjónustu. Samkvæmt samkomulagi fyrirtækisins við samgönguráðherra, dags. 16. mars 2001, mun Landssíminn jafnframt tryggja 2Mb/s gagnaflutningsþjónustu yfir ATM net fyrirtækisins, eða með svipuðum hætti, innan fimm ára í öllum þéttbýliskjörnum með 150 íbúa eða fleiri. Dreifing á ADSL þjónustu Landssímans er einnig mikil, en hún nær einkum til notenda á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Ljóst er því að Landssíminn getur boðið flestar tegundir gagnaflutninga til helstu þéttbýliskjarna á landinu og til fleiri íbúa á landinu.

3.3. Lína.Net og Orkuveita Reykjavíkur

Lína.Net er í meirihlutaeigu Orkuveitu Reykjavíkur (hér eftir Orkuveitan). Lína.Net og Orkuveitan mynda því efnahagslega heild í skilningi samkeppnislaga.¹⁰ Orkuveitan hefur nýlega keypt ljósleiðaranet Línu.Nets og býður gagnaflutninga um rafdreifikerfi sitt. Þar af leiðandi verður litið til dreifikerfa beggja fyrirtækja þegar staða fyrirtækjanna á markaði er metin. Dreifikerfi Línu.Nets nær aðallega til höfuðborgarsvæðisins. Þar hefur fyrirtækið í samvinnu við Íslandssíma lagt nokkuð þétt net ljósleiðara milli orkudreifistöðva Orkuveitunnar. Jafnframt hefur fyrirtækið lagt ljósleiðara frá Reykjavík um Hveragerði, Selfoss, Hellu og um Hvolsvöll til Vestmannaeyja. Fyrirtækið hefur einnig keypt örbylgjudreifikerfi Gagnaveitunnar hf. og síðar Skýrr hf. og getur því boðið 2Mb/s tengingar í Reykjavík, Hveragerði og Selfossi. Í samvinnu við Fjarska hf. getur fyrirtækið jafnframt boðið örbylgjutengingar á Akureyri. Orkuveitan er í eigu Reykjavíkurborgar, Garðabæjar, Hafnarfjarðarbæjar, Akranesbæjar, Borgarbyggðar og Borgarfjarðarsveitar. Orkuveitan dreifir rafmagni, heitu vatni til húshitunar, köldu vatni til neyslu og brunavarna á þjónustusvæði sínu. Dreifikerfi Orkuveitunnar til gagnaflutninga miðast við rafdreifikerfi fyrirtækisins en Orkuveitan annast dreifingu á raforku til notenda í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ og Akranesi. Gagnaflutningar um rafdreifikerfi Orkuveitunnar hafa einkum hafist á höfuðborgarsvæðinu en unnið er að því að undirbúa gagnaflutninga á öðrum svæðum.

3.4. Landfræðileg dreifing og vöruframboð

Af þessu má ljóst vera að þau svæði sem dreifikerfi Landssímans, Íslandssíma og Orkuveitunnar/Línu.Nets ná til eru Akureyri, Akranes, Mosfellsbær,

¹⁰ Sbr. 4. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Varðandi Línu.Net og OR sjá ákvörðun samkeppnisráðs nr. 7/2001 *Erindi Landssíma Íslands hf. vegna samnings Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur við Línu.Net ehf.*

höfuðborgarsvæðið, Hveragerði og Selfoss. Samkvæmt markaðsskilgreiningu Landssímans eru fimm tegundir þjónustur í boði á gagnaflutningsmarkaði: ATM, IP og IP/MPLS, ADSL, leigulínur og Breiðbandið. Jafnframt telur Landssíminn að innan vöruframboðs fyrirtækisins ríki bein og/eða óbein samkeppni á milli ATM, IP/MPLS og leigulína annars vegar og ADSL og Breiðbandsins hins vegar. Í vissum tilvikum ríki svo óbein samkeppni milli þessara tveggja flokka. Varðandi samkeppni leigulína við ATM telur Landssíminn þó að samanburður sé erfiður þar sem eðli þjónustunnar sé annað. Þannig samnýti ATM tækni flutningsgetu grunnnetsins en með leigulínu fær viðskiptavinurinn frátekna ákveðna bandbreidd fyrir sig, burtséð frá því hvort hann nýtir hana eða ekki. Landssíminn telur sig jafnframt keppa við önnur fyrirtæki í báðum flokkum. Þannig keppi fyrirtækið við ATM net Íslandssíma og IP og ljósleiðarakerfi Línu.Nets í fyrri flokknum en ADSL kerfi Íslandssíma, örbylgjukerfi Línu.Nets og Fjöltengi Orkuveitunnar í þeim síðari. Af þessu er ljóst að Landssíminn telur sig keppa við Línu.Net/Orkuveituna og Íslandssíma í öllum tegundum þjónustu sem í boði eru á gagnaflutningsmarkaðnum. Ljóst er einnig að Landssíminn og Lína.Net/Orkuveitan geta boðið allar ofangreindar tegundir þjónustu á þeim svæðum sem dreifikerfi þeirra nær til, þ.e. Akureyri, Akranesi, Mosfellsbæ, höfuðborgarsvæðinu, Hveragerði og Selfossi, að undanþeginni Fjöltengisþjónustu Orkuveitunnar en hún er aðeins fánleg á höfuðborgarsvæðinu.

Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 7/2001 *Erindi Landssíma Íslands hf. vegna samnings Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur og Línu.Nets ehf.* og úrskurði áfrýjunarnefndar nr. 12/2001 *Landssími Íslands hf. gegn samkeppnisráði* var markaðurinn skilgreindur sem veiting alhliða gagnaflutningsþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Samkeppnisráð er í grundvallaratriðum sammála því mati Landssímans að gagnaflutningsmarkaðurinn sé margbrotnari en sú skilgreining sem kom fram í þessum málum bendir til og að taka beri tillit til ýmissa þátta í þessu mati, t.d. varðandi mismunandi tæknilega eiginleika þjónustunnar. Samkeppnisráð telur þó að í máli þessu sé einnig eðlilegast að skilgreina markaðinn á sama hátt og áður hefur verið gert, þ.e. markaðinn fyrir alhliða gagnaflutningsþjónustu. Mat sitt byggir samkeppnisráð á því að Landssíminn, Íslandssími og Lína.Net telja fyrirtækin keppa hvert við annað á öllum sviðum gagnaflutningsmarkaðarins. Jafnframt er ljóst að þær þjónustur, sem hafa verið nefndar hér að ofan, uppfylla allar þá grunnþörf að flytja gögn milli staða. Með vísan til málavaxta telur samkeppnisráð því að óþarft sé að skipta markaðnum upp frekar í þessu tilviki. Samkeppnisráð er einnig sammála því mati Landssímans að markaðurinn í máli þessu miðist einkum við höfuðborgarsvæðið en telur einnig að Akureyri, Akranes, Mosfellsbær, Hveragerði og Selfoss rúmist innan hennar.

Í ljósi þessa er það mat samkeppnisráðs að markaðurinn í máli þessu sé markaðurinn fyrir veitingu alhliða gagnaflutningsþjónustu á eftirtöldum stöðum: Akureyri, Akranes, höfuðborgarsvæðið, Mosfellsbær, Hveragerði og Selfoss.

4.

Markaðshlutdeild

4.1. Markaðshlutdeild

Eins og fram hefur komið telur samkeppnisráð að markaðurinn í málinu sé markaðurinn fyrir alhliða gagnaflutningsþjónustu. Aðilar á þeim markaði eru Landssíminn, Lína.Net, eMax og Íslandssími. Samkvæmt gögnum sem samkeppnisráð hefur aflað um gagnaflutningsmarkaðinn er markaðshlutdeild fyrirtækjanna miðað við veltu eftirfarandi:¹¹

	Heildartekjur árið 2000	Tekjur vegna gagnaflutninga	Heildartekjur árið 2001	Tekjur vegna gagnaflutninga
Landssími Íslands	[...] m.kr.	[...] m.kr.	[...] m.kr.	[...] m.kr.
Íslandssími	[...] m.kr.	[...] m.kr.	[...] m.kr.	[...] m.kr.
Lína.Net	[...] m.kr.	[...] m.kr.	[...] m.kr.	[...] m.kr.
EMax	[...] m.kr.	[...] m.kr.	[...] m.kr.	[...] m.kr.
Samtals:	[...] m.kr.	[...] m.kr.	[...] m.kr.	[...] m.kr.

Hlutdeild miðuð við rekstrartekjur:	m.v. heildartekjur árið 2000	m.v. tekjur vegna gagnaflutninga	m.v. heildartekjur árið 2001	m.v. tekjur vegna gagnaflutninga
Landssími Íslands	[...] %	[65-75] %	[...] %	[50-60] %
Íslandssími	[...] %	[5-15] %	[...] %	[5-15] %
Lína.Net	[...] %	[10-20] %	[...] %	[30-40] %
EMax	[...] %	[0-5] %	[...] %	[0-5] %
Samtals:	100%	100%	100%	100%

Ef bornar eru saman upplýsingar sem bárust frá fyrirtækjunum varðandi fjölda viðskiptavina á höfuðborgarsvæðinu kemur eftirfarandi í ljós:¹²

	Hlutdeild m.v. heildar	
	Fjöldi viðskiptavina	Fjöldi viðskiptavina
Landssími Íslands	[...]	[70-80]%
Íslandssími	[...]	[10-20]%
Lína.Net	[...]	[0-5]%
Fjarski	[...]	[0-5]%
eMax ehf.	[...]	[0-5]%
Samtals:	[...]	100%

4.2. Staða Landssímans að öðru leyti

Að mati samkeppnisráðs verður einnig að líta til þess að íslenska ríkið hafði áður fyrir einkarétt á að eiga og reka almennt fjarskiptanet á Íslandi. Jafnframt hafði íslenska ríkið einkarétt á að veita talsímaþjónustu og annaðist Póst- og símamálastofnun framkvæmd einkaréttarins. Með lögum nr. 103/1996 var Póst- og símamálastofnun breytt í hlutafélag í eigu ríkisins. Póstur og sími hf. (nú Landssíminn og Íslandspóstur)

¹¹ Fellt út vegna trúnaðar.

¹² Fellt út vegna trúnaðar.

tók yfir rekstur stofnunarinnar þann 1. janúar 1997. Landssíminn og forverar hans höfðu því um árabil lögbundna einokun til að veita fjarskiptaþjónustu á Íslandi, eða allt til 1. janúar 1998. Landssíminn hafði því um áratugaskeið einokunarstöðu í fjarskiptarekstri og byggði í skjóli þeirrar einokunarstöðu upp traust fjarskiptakerfi án þess að nokkur samkeppni ríkti. Fyrirtækið er eigandi að grunnfjarskiptakerfi landsins. Af þessu leiðir að Landssíminn er enn óhjákvæmilegur viðskiptavinur keppinauta sinna og hagnast því á starfsemi þeirra, hvort sem það er í gegnum reikisamninga í GSM-farsímakerfi, fast forval, leigulínur eða á annan hátt. Jafnframt stendur Landssíminn að uppbyggingu Breiðbandsins sem fyrirtækið lýsir sem framtíðar fjarskiptaneti.

4.3 Markaðsráðandi staða Landssímans

Samkeppnisráð telur í ljósi markaðshlutdeildar Landssímans og þeirra atriða sem nefnd hafa verið hér að ofan að fyrirtækið sé markaðsráðandi á markaði fyrir veitingu alhliða gagnaflutningsþjónustu í skilningi ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 41/1997 og 11. gr. samkeppnislaga. Landssíminn hefur mestu markaðshlutdeild allra fjarskiptafyrirtækja á fjarskiptamarkaði almennt og á undirmarkaðnum fyrir gagnaflutningsþjónustu sérstaklega. Landssíminn er jafnframt eitt stærsta fyrirtæki á Íslandi með margfalda veltu keppinauta sinna og umfangsmesta sölunetið á fjarskiptamarkaðnum.

5.

Meint misnotkun á markaðsráðandi stöðu

Erindi Línu.Nets beinist í fyrsta lagi að því hvort verðlækkun Landssímans á gagnaflutningsþjónustu 1. október 2000 hafi falið í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Í öðru lagi beinist erindið að því hvort Landssíminn hafi niðurgreitt gagnaflutningsþjónustu sína.

5.1. Verðlækkun Landssímans

Eins og fram hefur komið er forsaga verðlækkunar á gagnaflutningsþjónustu Landssímans sú að í nóvember 1998 hófst PFS handa við að reikna kostnaðargrundvöll leigulína. Ástæða þess var sú að skv. 19. gr. fjarskiptalaga nr. 107/1999 ber PFS að sjá til þess „[...] að a.m.k. eitt fyrirtæki sem heimild hefur fengið til reksturs almenns fjarskiptanets og/eða þjónustu bjóði fram leigulínur þeirra tegunda sem stofnunin telur að þörf sé fyrir á fjarskiptamarkaði. Að jafnaði skal velja fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild á hinum almenna fastanetsmarkaði. Fyrirtækið sem um ræðir skal birta skilmála fyrir línuleigu og gjaldskrá sem tekur mið af tilkostnaði og hæfilegum arði af fjárfestingu.“ Þessi skylda á uppruna sinn að rekja til tilskipunar Evrópusambandsins nr. 92/44/EB, sbr. 97/51/EB. Þann 1. október 1999 tók gildi bráðabirgðaverðskrá þar sem enn var nokkur vinna eftir við kostnaðargreiningu. Af þessu tilefni var þann 1. nóvember s.á. einnig breytt verðskrá fyrir gagnaflutningsþjónustu Landssímans en samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu

felst stærsti kostnaðarliður gagnaflutningsþjónustunnar í leigulínum sem gagnaflutningsdeildin leigir af stofnlínudeildinni. Verði mikil verðlækkun á leigulínum sé því mögulegt að bjóða gagnaflutninga á mun lægra verði. Þann 1. september 2000 tók svo gildi endanleg verðskrá sem byggði á áður nefndri kostnaðargreiningu. Þann 1. október s.á. lækkaði Landssíminn svo verð fyrir gagnaflutningsþjónustu sína og er það sú verðlækkun sem Lína.Net vísar til í erindi sínu. Ef þær breytingar eru skoðaðar sem verða á leigulínuverðskrá Landssímans frá þeirri sem gefin var út 1. október 1999 til þeirrar sem tók gildi 1. september 2000 sést að heildsöluverð á km. af stofnlínu lækkaði almennt um 25%. Jafnframt var árið 2000 veittur 15% afsláttur ef leigt var meira en 1.800 km af línum með 45 Mbita flutningsgetu og 25% afsláttur ef leigt var meira en 1.800 km af línum með 155 Mbita flutningsgetu. Breytingar á gagnaflutningsverðskrá Landssímans frá 1. nóvember 1999 til 1. október 2000 voru þær að verðlækkun varð einkum á lengri tengingum. Þannig varð verð á tengingu frá Keflavík til Reykjavíkur (rúmir 50 km) og frá Raufarhöfn til Reykjavíkur (rúmir 660 km) nær það sama en verð breyttist lítið innan sömu ATM svæða (t.d. innan Akureyris eða innan Reykjavíkur). Ljóst er því að verð hefur einkum lækkað á lengri leiðum milli ATM svæða á landsbyggðinni. Af þessu er jafnframt ljóst að verðlækkunin nær aðeins að litlum hluta til hins skilgreinda markaðssvæðis, sbr. markaðsskilgreiningu hér að framan, þar sem lækkun varð aðeins á milli ATM svæða. Einu tengingarnar sem verðlækkunin nær til, sem bæði Landssíminn og Lína.Net keppa á, eru tengingarnar milli Reykjavíkur og Hveragerðis og Reykjavíkur og Selfoss, en á þessum leiðum bjóða bæði fyrirtækin upp á gagnaflutninga.

Samkeppnisráð telur, með vísan til forsögu verðlækkunarinnar og þeirrar skyldu sem hvílir á Landssímanum að kostnaðargreina þann þátt rekstrarins sem lýtur að heildsölu leigulína, að lækkuninni hafi ekki verið beint sérstaklega gegn Línu.Neti í þeim tilgangi að þröngva fyrirtækinu út af markaði. Jafnframt nær verðlækkunin aðeins að mjög takmörkuðu leyti yfir það markaðssvæði sem fyrirtækin keppa á. Samkeppnisráð telur því að Landssíminn hafi ekki brotið gegn ákvörðun samkeppnisráðs nr. 41/1997 með því að lækka verð á gagnaflutningsþjónustu þann 1. október 2000.

5.2. Niðurgreiðsla á gagnaflutningsþjónustu

Í erindi Línu.Nets er jafnframt vísað til taps Landssímans á gagnaflutningsþjónustu árið 2000, skv. greiningu Íslandsbanka. Að mati Línu.Nets felur tapið í sér að Landssíminn niðurgreiði samkeppni í gagnaflutningsþjónustu með tekjum annarra deilda Landssímans.¹³

¹³ Um er að ræða sk. víxlنيðurgreiðslur (e. *cross-subsidisation*).

Í viðskiptaáætlun Landssímans frá ágúst 2000 eru lagðar fram spár um þróun tekna og gjalda hjá gagnaflutningsdeild fyrirtækisins. Í áætluninni er gert ráð fyrir töluverðum fjárfestingum í upphafi við að koma upp ATM stöðvum í kringum landið, þróun og kynningu þjónustunnar. Í áætlunum fyrirtækisins var gert ráð fyrir tapi af rekstri gagnaflutningsdeildar fyrstu tvö árin. Landssíminn hafði svo, með undirritun samkomulags við samgönguráðherra þann 16. mars 2001, skuldbundið sig til að tryggja 2Mbita/s tengingar yfir ATM net sitt til allra þéttbýliskjarna á landinu með 150 íbúa eða fleiri innan fimm ára frá undirritun þess. Jafnframt skuldbatt fyrirtækið sig til að tryggja að verð á landsbyggðinni væri ekki úr hófi, miðað við hvað tíðkast á höfuðborgarsvæðinu. Meðal gagna málsins er jafnframt rekstraráætlun Landssímans sem sýnir annars vegar áætlun fyrirtækisins fyrir fyrri hluta árs 2002 og hins vegar rauntölur fyrir sama tímabil. Jafnframt er lögð fram áætlun fyrir síðari hluta sama árs. Af rauntölum Landssímans má sjá að rekstrarafkoma gagnaflutningsþjónustunnar á fyrri hluta árs var jákvæð eftir afskriftir og fjármagnsliði (þ.e. innri vaxtagjöld) um rúmlega [...] m.kr.¹⁴ Niðurstaðan verður hins vegar neikvæð um [...] m. kr. þegar frá er dreginn [...] m.kr. kostnaður vegna stoðdeilda og yfirstjórnar. Áætluð afkoma fyrir síðari hluta árs 2002 er jákvæð um [...] m. kr. og því gert ráð fyrir um [...] m.kr. tapi fyrir allt árið 2002. Ljóst er því að rauntap hefur verið á reksti gagnaflutningsþjónustunnar á árunum 2000 til 2002 en jafnframt er ljóst af áætlunum Landssímans að gert er ráð fyrir hagnaði á árinu 2003. Samkvæmt þessu er rekstur gagnaflutningsdeildar Landssímans aðskilin frá öðrum rekstri fyrirtækisins á þann hátt að farið er með viðskipti deildarinnar eins og aðskilda einingu innan fyrirtækisins. Fjárfestingar gagnaflutningsdeildar vegna uppbyggingar og kynningar á ATM þjónustu Landssímans eru fjármagnaðar með lánum frá Landssímanum sem bera meðalvexti. Deildin greiðir reglulega af lánum til fyrirtækisins. Vaxtagreiðslur árið 2002 munu t.d. nema um [...] m.kr. Uppbygging ATM þjónustunnar er þannig fjármögnuð með láni sem deildin greiðir af til félagsins. Gagnaflutningsdeild Landssímans leigir jafnframt leigulínur af fyrirtækinu eftir sömu gjaldskrá og önnur fyrirtæki, en gjaldskráin er háð eftirliti PFS, þar sem sú þjónusta fellur undir V. kafla fjarskiptalaga um opinn aðgang að netum.¹⁵ Starfsemi gagnaflutningsdeildar er hins vegar ekki háð eftirliti PFS.

Samkeppnisráð telur, með vísan til þess að gagnaflutningsdeild Landssímans er rekin sem sjálfstæð hagnaðareining innan fyrirtækisins og að uppbygging gagnaflutningsþjónustunnar og kynning hennar er ekki niðurgreidd með annarri þjónustu fyrirtækisins eins og rakið er að ofan, að Landssíminn hafi hvorki brotið gegn ákvörðun samkeppnisráðs nr. 41/1997 né 11. gr. samkeppnislaga.

¹⁴ Fellt út vegna trúnaðar.

¹⁵ Eins og lýst hefur verið að ofan eru verð samkvæmt gjaldskránni byggð á kostnaðargrundvelli, sbr. 19. gr. fjarskiptalaga.

IV.
Ákvörðunarorð

„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu samkeppnisráðs í máli þessu.“